

Fundargerð

**246. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn í kennslustofunni á Tunguhálsi,
föstudaginn 27. janúar 2023, kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Halla Karen Kristjánsdóttir, Birgir Finnsson, Ingveldur Lára Þórðardóttir og Ásdís Gíslason.

Fundargerð ritaði: Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

1. Tölfræði 2022 - 2301009

Farið yfir helstu tölur ársins 2022 úr starfsemi SHS.

Niðurstaða

Frestað.

2. Starfsáætlun stjórnar SHS 2023 - 2301002

Áætlun fyrir reglubundna fundi stjórnar SHS á árinu 2023 lögð fram til kynningar og staðfestingar.

Niðurstaða

Samþykkt og undirritað af formanni.

Fylgiskjöl

SHS 246 2.1 Starfsáætlun stjórnar 2023.pdf

3. Árleg eftirlitsáætlun SHS 2023 - 2301016

Eftirlitsáætlun forvarnasviðs SHS fyrir árið 2023 lögð fram til kynningar.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 246 3.1 Árleg eftirlitsáætlun 2023.pdf

4. Árlegt árangursmat á störfum stjórnar og slökkviliðsstjóra - 2301011

Lagt til að árlegu árangursmati á störfum stjórnar verði frestað.

Niðurstaða

Frestað til vors.

5. Starfsstöðvar SHS til framtíðar - 2301008

Kynning og umræður um stöðu húsnæðismála SHS með hliðsjón af áætlunum um byggingu nýrrar slökkvistöðvar í stað Tunguháls, úrbótaþörf á Kjalarnesi og fyrirsjáanlegum breytingum á aðstöðu í Skógarhlíð vegna nýrrar björgunarmiðstöðvar.

Niðurstaða

Stjórn SHS samþykkir að setja saman starfshóp með fulltrúum sveitarfélaganna og SHS til að fara heildstætt yfir húsnæðismál, útkalls og uppbyggingarþörf SHS. Farið verður nánar yfir verkefni hans á næsta stjórnarfund.

Við skipulagningu á staðsetningum slökkvistöðva og greiningu á viðbragðstíma verði tekið sérstakt tillit til þróunar atvinnusvæða og íbúabyggðar á höfuðborgarsvæðinu öllu. Rósa Guðbjartsdóttir vekur athygli á að innan örfárra ára verða íbúar í nýjasta uppbyggingarhverfi Hafnarfjarðarbæjar, Völlum, Hamranesi og Skarðshlíð orðnir 13.000. Í nágrenninu sé auk þess mjög ört vaxandi atvinnu- og iðnaðarsvæði og óskar því eftir því að sá hluti höfuðborgarsvæðisins verði tekinn til sérstakrar skoðunar.

Fylgiskjöl

SHS 246 5.1 Húsnæðismál SHS, starfsstöðvar og ný björgunarmiðstöð.pdf

6. Ný björgunarmiðstöð - 2103003

Hannes Frímann Sigurðsson frá Framkvæmdasýslunni - Ríkiseignum kynnir stöðu mála vegna fyrirhugaðrar byggingar nýrra höfuðstöðva viðbragðsaðila.

Niðurstaða

Kynning.

Gestir

Hannes Frímann Sigurðsson, verkefnastjóri hjá Framkvæmdasýslunni - ríkiseignum - 08:50

7. Önnur mál - 2301017

7.1 Kynningardagar fyrir stjórn, aðal- og varamenn.

7.2 Skoðunarferð um starfsstöðina á Tunguhálsi.

Niðurstaða

Birgir mun senda stjórn tillögur að tímasetningum fyrir kynningardag.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 10. febrúar nk.

Fundi slitið kl. 09:30.

Dagur B. Eggertsson

Rósa Guðbjartsdóttir

Almar Guðmundsson

Ásdís Kristjánsdóttir

Pór Sigurgeirsson

Halla Karen Kristjánsdóttir

